

Skýrsla framkvæmdastjóra um starfsemi SAM á árinu 2006

Árið 2006 var nokkuð viðburðaríkt í starfsemi SAM. Má þar nefna áhrifabætti eins og fyrirhugaðar breytingar í mjólkuriðnaði, með stofnun Mjólkursamsölnunnar ehf. svo og yfirtaka SAM á Rannsóknarstofu mjólkuriðnaðarinnar (RM). Þeirri yfirtöku fylgdi töluverð vinna fyrir starfsmenn SAM.

BIRGÐASTJÓRNUN

Þegar líða tók á árið 2006 fór að rétta úr birgðamálum mjólkurvara þar sem framleiðsla mjólkur tók að aukast þegar kom fram á mitt ár. Misserin þar á undan höfðu verið nokkuð knöpp í framleiðslu og birgðum mjólkurvara. Þær áætlanir sem fyrir liggja um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkur, gera ráð fyrir því að í lok ársins verði birgðastaða mjólkur orðin sú sem að var stefnt.

MATVÆLAVERÐ Á ÍSLANDI

Í starfsskýrslu Framkvæmdastjóra SAM frá fyrra ári (2005), er einnig fjallað um opinbera skýrslu um matvæla- verð á Íslandi. Þar var á ferðinni umfjöllun um skýrslu um matvæla- verð á Íslandi í samanburði við ESB₁₅. Sú skýrsla var kynnt af Samkeppniseftirlitnu, og olli mikilli umræðu og deildum meiningum um orsakir hás verðlags matvæla hér á landi.

Enn og aftur varð mikil umfjöllun um íslenskan landbúnað, og þ.m.t. mjólkuriðnað, sem átti sér stað í kjölfar skýrslu Hagstofustjóra um matvæla- verð á Íslandi. Nefnd sem skipuð var af Forsætisráðherra, til að fjalla um matvæla- verð á Íslandi, var að störfum á árinu en henni tókst ekki að skila sameiginlegri skýrslu um viðfangsefnið. Hagstofustjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, skilaði eigin skýrslu um störf nefndarinnar ásamt sínu eigin álit.

Segja má að umfjöllun, efnistöð og framgangur þeirra opinberu aðila sem að báðum framangreindum skýrslum stóðu, lýsi hvað best þeim ósanngjörnu árásum sem landbúnaður á Íslandi hefur orðið fyrir að undanförunu og verður líklega áfram. Skiptir litlu hvort um er að ræða opinberar stofnanir sem gæta skulu hlutleysis eða aðrir sem hafa annarra hagsmuna að gæta.

Þessu til stuðnings skal það nefnt að í báðum tilvikum áttu samanburður og efnistöð að fjalla um hátt verðlag matvæla á Íslandi. Í báðum tilvikum var spjótum beint fyrst og fremst að innlendum landbúnaðarvörum. Ekki var hægt að nálgast upplýsingar eða umfjöllun um orsakir á háu verði matvöru sem framleidd er úr innfluttu landbúnaðarhráefni eins og kornvöru, svo dæmi sé tekið. Brauð og kornvörur eru um 67% dýrari á Íslandi en í ESB₁₅ - löndunum og því umtalsvert meiri verðmunur, í þeim flokki matvæla, samanborið við hefðbundnar landbúnaðarvörur framleiddar hér á landi. Kornvara er landbúnaðarvara sem flutt er inn í landið án tolla eða vörugjalda. Hér er einungis um eitt dæmi að ræða en fleir eru tiltæk þó svo þeirra sé ekki getið hér. Umfjöllun og efnistöð ofangreindra aðila um matvæla- verð á Íslandi, er lýsandi dæmi um þær taktísku og áróðurskenndu aðferðir sem beitt er gegn innlendri landbúnaðarframleiðslu.

UPPGJÖR MJÓLKUR FYRIR VERÐLAGSÁRIÐ 2005/2006

Uppgjör mjólkur fyrir verðlagsárið 2005/2006 fór fram með hefðbundnum hætti. Uppgjörið var staðfest 7. desember 2006. Þetta er 13. mjólkuruppgjórið sem fram fer eftir að fjárhagslegri ábyrgð ríkissjóðs á ráðstöfun mjólkur féll niður. Nánar er gert grein fyrir uppgjörinu í ársskýrslunni.

ERLEND SAMSKIPTI

Aðalfundur IDF (alþjóðlegu mjólkuriðnaðarsamtakanna) fór fram í októbermánuði í Shanghai í Kína. Tveir fulltrúar úr mjólkuriðnaði sóttu fundinum. Ráðstefnan snertir ýmsa málaflokka á alþjóðavísu s.s. mjólkurframleiðslu, vísinda og tækni, stefnumál, sölu og markaðsmálefni mjólkur og hagfræði. Erindi sem flutt eru af fulltrúum mismunandi landa eru bæði upplýsandi og athyglisverð.

Einnig var haldinn fundur í NORDISK BRANSJEMÖTE, en fundurinn fór þessu sinni fram hér á landi. Næsti fundur fer fram í Finnlandi í júní 2007.

AÐ LOKUM

Þar sem miklar breytingar eru að eiga sér stað í mjólkuriðnaði, um þessar mundir, mun það leiða af sér töluverðar breytingar í starfsemi Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Með stofnun Mjólkursamsölunnar ehf. munu mörg af föstum verkefnum SAM flytjast yfir til hins nýstofnaða félags. Eftir sem áður munu samtökin þurfa að gegna sínu lögbundna hlutverki m.a. í því að koma fram fyrir hönd mjólkuriðnarins við framkvæmd laga og fleiri sambærilegra verkþátta gagnvart opinberum aðilum.

Þar sem ég er að láta af störfum hjá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, eftir 19 ára starf, vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem ég hef átt samleið og samstarf með á undangengnum árum. Þessi tími hefur verið bæði viðburða- og lærdómsríkur og gefið mér mikið, bæði reynslu og yfirsýn yfir starfsemi greinarinnar.

Pálmi Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri